ÍSLENSK
VERÐBRÉF

Sent til hlutdeildarskírteinishafa í
ÍV Íslensk hlutabréf – Aðallisti hs.

31.08.2026

Tilkynning um breytingar á reglum ÍV Íslensk hlutabréf – Aðallisti hs.

Bréf þetta er sent hlutdeildarskírteinishöfum í sjóðnum ÍV Íslensk hlutabréf – Aðallisti hs., kt. 670412-9970, sem er í rekstri Íslenskra verðbréfa hf., kt. 491001-2080. Sjóðurinn hefur til þessa verið rekinn sem sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta samkvæmt lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Engar breytingar verða á eignasamsetningu sjóðsins, en áfram er fjárfestingarstefnan sú að fjárfest er í jöfnu hlutfalli í öllum hlutbréfum skráðum á aðallista

Íslensk verðbréf hf. hafa fengið staðfestingu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, dags. 18. ágúst 2026, á nýjum reglum fyrir sjóðinn. Í breytingunum felst að tegund sjóðsins breytist og verður hann framvegis rekinn sem verðbréfasjóður samkvæmt lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði, sbr. 2. mgr. 85. gr. laga nr. 45/2020 og 1. mgr. 28. gr. laga nr. 116/2021. Heiti sjóðsins, kennitala og fjárfestingarstefna eru óbreytt.

Uppfærð útboðslýsing, reglur og lykilupplýsingar sjóðsins eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins, www.iv.is. Hlutdeildarskírteinishafar eru hvattir til að kynna sér uppfærðar reglur og lykilupplýsingar.

Þú þarft ekkert að aðhafast vegna þessara breytinga.

Hlutdeildarskírteinishöfum er bent á rétt sinn til að óska eftir frekari upplýsingum um breytingarnar. Beiðni skal senda á netfangið iv@iv.is.

Virðingarfyllst

Arnór Gunnarsson,
framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa hf.